



Tilfinningar

Verkefni
eftir

Kristínu Gísladóttur
sem byggjast á hugmyndum
um heildstæða móðurmálskennslu



Um verkefnið

Þemaverkefnið *Tilfinningar* er heildstætt verkefni hugsað fyrir nemendur í 3.- 4. bekk grunnskólans en auðvelt er að laga það að öðrum aldurshópum.

Markmið með verkefnunum er að nemendur þjálfist í

- samskiptum, samvinnu og samkennd
- að hlusta og taka tillit til annarra
- lestri og tjáningu, m.a. í að útskýra, leiðbeina og rökræða

Verkefnunum er einnig ætlað að styrkja sjálfstraust og sjálfsmýnd nemenda.

Í kennslunni er annars vegar lögð áhersla á íslensku; lestur, ritun og tjáningu, hins vegar er lögð áhersla á að fjalla um tilfinningar með nemendum, hjálpa þeim að greina tilfinningar sínar og að þekkja sjálfa sig betur. Tilgangurinn er að nemendur geri sér grein fyrir því að við erum öll einstök og að það er einmitt fjölbreytileikinn sem gerir mannlífið og mennina svo áhugaverða.

Í þemaverkefninu er gengið út frá hugmyndum um heildstæða móðurmálskennslu og skáldsögur notaðar til þess að þjálfar nemendur í ýmsum þáttum móðurmálsins. Listi yfir sögubækur fylgir á sérstöku blaði. Nemendur lesa bækurnar, vinna í hópum, gjarnan 3-4 í hópi, æfa framsögn og flytja munnlega kafla úr sögunum sem þeir velja sjálfir. Hver hópur fær eina skáldsögu til þess að vinna með. Valdir kaflar úr sögubókunum eru einnig notaðir í málfræðivinnu, einkum er lögð áhersla á að athuga nafnorð, sagnir og lýsingarorð í textanum.

Verkefnið vann undirrituð í námi við Kennaraháskóla Íslands árin 2002 og 2003 og notaði í æfingakennslu í Ölduselsskóla. Ýmsar hugmyndir sótti ég til dvalar minnar í Bandaríkjunum en þar vann ég sem skólasjálfboðaliði um tíma. Þess má geta að sum verkefnið hafa gefist vel með sex ára nemendum.

Febrúar 2004,
Kristín Gísladóttir



Lestur bókanna og framsögn

Nemendum er skipt í 3-4 manna hópa. Hver hópur fær eina bók til þess að lesa. Miðað er við að nemendur lesi bækurnar í tímum og skiptist á að lesa upp hver fyrir annan.

Nemendur leysa ýmis verkefni úr bókunum, bæði sjálfstætt og í samvinnu við aðra. Verkefni felast m.a. í að draga saman aðalatriðin, setja á spjöld og ákveða hvernig þeir vilja setja efnið fram á uppskeruhátíð (t.d. búa til ljóð, leikpátt eða annað sem þeim dettur í hug).

Markmiðið með þessari tilhögun er að þjálfa nemendur í lestri og æfa þá í því að lesa upp fyrir áheyrendur. Einnig er mikilvægt að þeir sem eru að hlusta læri að fylgjast með upplestri og tileinki sér það sem lesið er fyrir þá.





Sögupráður

Nafn: _____

Allar sögur hafa einhvern vanda sem þarf að leysa.
Ákveðnir atburðir leiða til þessa.

- Lýstu sögupræðinum.
- Hvernig lýkur sögunni?
- Hvernig var vandinn leystur?

Notaðu myndir til þess að hjálpa þér.

1	2	3	
	4	5	6




Ferðabæklingur

Nafn: _____

Sögusvið - Ímyndaðu þér að þú vinnir á ferðaskrifstofu og eigir að hanna ferðabækling um staðinn þar sem sagan sem þú last átti sér stað. Bæklingurinn þarf að hafa 4-6 hliðar og þú getur sett inn þær upplýsingar sem þú vilt.

Hér að neðan er dæmi um uppsetningu:

<p>Nafn á bók</p> <p>Mynd</p>  <p>Nafnið þitt</p>	<p><u>Lýsing</u></p> <p><u>Hvað er að sjá þar?</u></p>	<p><u>Fólk sem þú gætir hitt</u></p> <p><u>Hvað er hægt að gera?</u></p>
--	--	--



Aðalpersóna - kostir og gallar

Nafn: _____

Hvað líkar þér í fari aðalpersónunnar?

Hvað líkar þér ekki í fari hennar?

Mynd af aðalpersónunni.




Aðalpersónan og ég

Nafn: _____

Lítið núna í eigin barm.

Berið ykkur saman við aðalpersónuna.

Eigið þið eitthvað sameiginlegt? Fyllið inn í snjókarlana.





Hópvinna-textaskoðun

Atriði til þess að hafa í huga:

Hvernig eru setningarnar?

- Langar?
- Stuttar?
- Flóknar?
- Einfaldar?

Eru ákveðin orð eða orðflokkar mest áberandi í textanum?

- Sagnorð?
- Lýsingarorð?
- Nafnorð?

Hvernig eru orðin?

- Löng?
- Stutt?
- Flókin?
- Einföld?

Fleira sem ykkur dettur í hug?

Verkefni

- ◆ Takið saman niðurstöður ykkar og veltið fyrir ykkur meðal annars hvaða áhrif þessi einkenni tungumálsins hafa á textann og stíl sögunnar. Kynnið niðurstöður ykkar fyrir bekknum.



Verkefni


Spurningarnar hér að neðan eru ætlaðar til umræðu, til þess að skrifa um í leiðarabók eða heima.

Gert er ráð fyrir að fyrstu 10-20 mínútur á hverjum morgni fari í að ræða um heimaverkefnið. Þá fá þeir sem vilja tækifæri til þess að flytja það fyrir bekkinn. Þar eð sumar spurningarnar eru persónulegar ráða nemendur hvort þeir deila svörum sem þeir skrifuðu með öðrum.

Upplagt er að flétta þessa umræðu inn í lesturinn á bókunum sem verið er að lesa.

- **Hver er ég?**
- **Að setja sig í spor annarra**
- **Sjálfsvirðing**
- **Vinátta**
- **Stríðni, einelti og fordómar**

Markmiðið er að nemendur læri að greina tilfinningar sínar og annarra og að bregðast rétt við þeim. Verkefnin veita þeim þjálfun í að tala um tilfinningar og deila þeim með öðrum.





Að setja sig í spor annarra

Markmiðið er að nemendur setji sig í spor annarra og skilji mikilvægi þess að leggja sitt af mörkum til þess að hjálpa öðrum í kringum sig til þess að líða betur. Verkefnið má vinna í hópum, fara með heim, svara munnlega eða skriflega eða jafnvel bara íhuga með sjálfum sér.

Viljið þið að aðrir skilji hvernig ykkur líður?

Hvers vegna er æskilegt að við skiljum hvernig öðrum líður, að við getum sett okkur í spor annarra?

Hvað líkar ykkur/þér best í fari annarra?





Sjálfsvirðing

Markmiðið með þessu verkefni er að efla sjálfsvitund nemenda og eða styrkja þá til að þora að fylgja sannfæringu sinni þegar á reynir og taka sjálfstæðar ákvarðanir um það sem þeim finnst sjálfum vera rétt eða rangt. Verkefnið má vinna í hópum, fara með heim, svara munnlega eða skriflega eða jafnvel bara íhuga með sjálfum sér.

Styrkleikar mínir/ljóð og verkefni.

Hefur þú stundum áhyggjur af því hvernig þú lítur út?
Hvaða hæfileika hefur þú sem fáir vita um?
Hvaða hæfileika vildir þú síst missa? Hvers vegna?

Hvenær sýndir þú síðast óvenjulegan kjark? Hvernig leið þér þá?

Hvernig líður þér sem nemenda í bekknum þínum?
Finnst þér þú fá næga athygli í bekknum?
Fyrir hvað færð þú athygli í bekknum?

Hvernig vilt þú að fólk muni eftir þér eftir 100 ár?





Vinátta

Markmiðið er að nemendur dýpki skilning sinn á vináttu, þ.e. hvað felst í vináttu og geri sér auk þess grein fyrir mikilvægi þess að eiga góðan, traustan vin.

Hvað er vinur?

Hvað einkennir góðan vin?

Hverjir eru góðir vinir og hvers vegna?


Hvað einkennir góða vináttu?

Hvernig vilt þú vera sem vinur?

Hvers vegna er vinátta mikilvæg?

Verkefni

◆ Gerið auglýsingu og lýsið eftir óskavininum.





Stríðni, einelti og fordómar

Markmiðið er að auka umburðarlyndi nemenda, bæta samskipti þeirra og hvetja þá til þess að setja sig í spor þeirra sem minna mega sín. Verkefnið má vinna í hópum, fara með heim, svara munnlega eða skriflega eða jafnvel bara íhuga með sjálfum sér.

Hvað er venjulegt?

Er einhver venjulegur?

Vildir þú vera venjulegur?

Hvernig líður þér í nýjum aðstæðum?

Er eitthvað í fari þínu sem aðrir gera gys að?

Hvernig bregstu við stríðni eða óþægindum?

Lýstu aðstæðum þar sem þú skarst þig úr því sem gerðist.

Hvað er að skilja út undan?

Segðu frá atburði sem gerðist nýlega þar sem þú eða einhver sem þú þekkir var skilinn út undan.





Út undan?

Nafn: _____

Lýstu atburði sem gerðist nýlega þar sem þú eða einhver
sem þú þekkir var skilinn út undan.



Við erum öll einstök

Nemandi: _____

*Skrifaðu ljóð um styrkleika þína
inn í laufblaðið.*





Hvað líkar þér mest í fari annarra?

Nafn: _____

*Skrifaðu nafnið þitt inn í miðjuna á blóminu.
Láttu blómið þitt ganga á milli í bekknum og aðrir
skrifa á blöðin það sem þeim finnst
vera jákvætt í fari þínu.*

